

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *54. fundur.*

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 22. maí. 2013, kl 9:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2012, síðari umræða.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. **Fundarsetning.**  
Oddviti setti fund.

2. **Ársreikningur 2012, síðari umræða.**

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 329,4 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 312,6 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 312,4 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 300,7 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,625% sem er lögbundið hámark þess. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark þess.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 16,3 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 0,3 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 17,9 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 4,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 322,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 242,6 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 160,5 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 28 stöðugildum að meðaltali.

Miðað við niðurstöðu ársreikningsins verður að grípa til enn frekari hagræðingaraðgerða.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.